

Reykjavík 13. mars 2026

## Umsögn Blaðamannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla)

BÍ hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla o.fl.).

Félagið fagnar markmiði frumvarpsins sem er að „efla ritstjórnir einkarekinna fjölmiðla í því skyni að styðja við fréttabjónustu, lýðræðislega umræðu og treysta stöðu íslenskrar tungu“. Frumvarpið er einn liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum fjölmiðla sem er ætlað að verða grunnur að langþráðri sókn fjölmiðlunar á Íslandi.

Fjölbreytt, frjálst og öflugt fjölmiðlaumhverfi er grundvöllur lýðræðislegrar umræðu og samfélags. Aukin skautun í opinberri umræðu og upplýsingaóreiða gerir það að verkum að aldrei hefur verið þörf fyrir vandaða blaðamennsku og öfluga, sjálfstæða fjölmiðla.

### Helstu atriði umsagnarinnar:

- BÍ fagnar því að stuðningur við ritstjórnir einkarekinna fjölmiðla verði festur í sessi til fimm ára (2026–2030) og að greiðslur fari fram fyrir á árinu.
- BÍ telur að frumvarpið styrki fyrirsjáanleika í rekstrarumhverfi fjölmiðla og styðji þannig við faglega blaðamennsku.
- BÍ telur að stuðningur þurfi að nema hærra hlutfalli af ritstjórnarlegum kostnaði: Réttara væri að miða við 35%, líkt og í Danmörku.
- BÍ fagnar því að gert sé ráð fyrir viðbótarstuðningi við fjölmiðla sem sinna „fréttabjónustu í almannapágu á landsvísu“ en telur mikilvægt að skilyrði fyrir slíkum stuðningi séu ekki of þröng. Þá má gera athugasemd við orðalagið „í almannapágu“ því öll blaðamennska er í eðli sínu í almannapágu.
- Gera ætti kröfu um að ritstýrt efni fjölmiðla sé frumunnið að stærstum hluta.
- BÍ hvetur stjórnvöld til að hraða framkvæmd annarra þátta aðgerðaáætlunar stjórnvalda í málefnum fjölmiðla.

## Skilyrði almenns rekstrarstuðnings

Stærstu breytingar á almennum rekstrarstuðningi felast í því að fyrirkomulagið verði tryggt til fimm ára í senn og að umsóknarfrestur verði fyrr á árinu en hefur verið eða eigi síðar en 1. júní ár hvert. Slíkur fyrirsjáanleiki skiptir fjölmiðla miklu máli við langtímaáætlanagerð og rekstur ritstjórna.

Í frumvarpinu er skerpt á skilyrðum stuðnings með því að kveða á um að fjölmiðlar þurfi að miðla fréttum og fréttatengdu efni úr íslensku samfélagi, sem BÍ telur mikilvægt, svo sem best megi tryggja að markmið frumvarpsins náist: að styðja við lýðræðishlutverk einkarekinna fjölmiðla.

Stuðningshæfur rekstrarkostnaður er jafnframt rýmkaður í frumvarpinu í samræmi við ákall frá fjölmiðlafyrirtækjum, og nær nú yfir fleiri störf á fréttaritstjórnnum, einkum vegna hljóð-, mynd- og vefmiðlunar. Þetta er í takt við úthlutunarreglur hinna Norðurlandaþjóðanna, en skoða mætti hvort hlutfallsleg endurgreiðsla vegna blaðamanna og blaðaljósmyndara (þ.m.t. myndatökumanna) ætti að vera hærrí í því skyni að styðja enn betur við faglega, öflugra blaðamennsku og treysta betur starfsgrundvöll stéttarinnar.

Hámark rekstrarstuðnings er óbreytt í frumvarpinu eða 25% af stuðningshæfum rekstrarkostnað (sem getur þó ekki orðið hærrí en nemur 22% af fjárveitingu verkefnisins). Endurgreiðsluhlutfallið er lægra en t.d. í Danmörku þar sem miðað er við 35%. Því er lagt til að rekstrarstuðningur skuli vera 35% af stuðningshæfum rekstrarkostnaði í stað 25%.

Áfram er gerð krafa í frumvarpinu um að prentmiðlar komi út að lágmarki 20 sinnum á ári en staðbundnir fjölmiðlar 12 sinnum. Í ljósi mikillar hækkunar á prentkostnaði á undanförunum árum er lagt til að sama skilyrði gildi fyrir alla prentmiðla, þannig að útgáfa þeirra þurfi að vera að lágmarki 12 sinnum á ári.

## Stuðningspotturinn þarf að stækka

BÍ hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að styrkja rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla og að fjárhæð stuðnings sé í betra samræmi við það sem tíðkast á Norðurlöndum. Þar hefur um langt skeið verið viðurkennt að öflugt og sjálfstætt fjölmiðlaumhverfi krefjist markvissrar opinberrar stefnu og stuðnings.

Heildarfjárhæð stuðnings til einkarekinna fjölmiðla á Íslandi hefur hingað til verið lægri en í sumum nágrannalöndum okkar, auk þess sem fjárhæðir þess hafa ekki fylgt verðlagsþróun. Íslenska fjölmiðlaumhverfið er veikburða og fáir fjölmiðlar sjálfbærir í rekstri án opinbers stuðnings.

Ástæðan er smæð samfélagsins, tungumálsins og þar með markaðarins sem gerir fjölmiðlum enn erfiðara um vik að keppa um auglýsingatekjur við alþjóðlega tæknirisa. Þá er mikilvæg breyta í þessu samhengi að Ísland er eina þjóðin á Norðurlöndunum þar sem ríkismiðill sem rekinn er fyrir opinbert fé keppir við einkarekna miðla um auglýsingatekjur.

Þessu til viðbótar virðast mun færri Íslendingar reiðubúnir til þess að greiða fyrir áskrift að fjölmiðlum en hjá hinum Norðurlandapjóðunum, þótt möguleg skýring gæti verið að hér eru tveir stærstu einkareknu vef-fréttamiðlar landsins frír og að í tvo áratugi var eitt stærsta dagblað landsins fríblað. Á meðan ekki hefur tekist að bregðast við þessu, er mikilvægt að íslensk stjórnvöld séu í fararbroddi í stuðningi við einkarekna miðla og séu að minnsta kosti ekki eftirbátur nágranna okkar. Stuðningspotturinn þyrfti að hækka minnst um þriðjung til að ná því.

### Fréttamiðlar sinna fjölbreyttri almannapjónustu

Í frumvarpinu er einnig kveðið á um sérstakan viðbótarstuðning til einkarekinna fjölmiðla sem sinna fréttapjónustu í almannapágu á landsvísu og uppfylla tiltekin skilyrði.

BÍ vill í því samhengi undirstrika að allir fréttamiðlar sinna almennt mikilvægu hlutverki í almannapágu, óháð stærð þeirra eða umfangi. Fjölbreytni í fjölmiðlaflóru landsins er mikilvæg til að tryggja að ólík sjónarmið og málefni fái umfjöllun. Þá er rétt í þessu ljósi að gera athugasemd við orðalag 62. gr. h. (Skilyrði fyrir viðbótarstuðningi við fréttapjónustu í almannapágu á landsvísu). Allir fjölmiðlar þar sem blaðamennska er ástunduð starfa í eðli sínu í almannapágu.

Félagið bendir enn fremur á að skilyrði fyrir viðbótarstuðningi í frumvarpinu eru mjög ströng og órökstudd. Þar er meðal annars gert ráð fyrir að fjölmiðill hafi að lágmarki 25 blaðamenn, blaðaljósmyndara eða myndatökumenn í starfi. Í greinargerð við 62. gr. (viðbótarstuðningur) stendur að skilyrðin séu annars vegar sett fram með það að markmiði að ritstjórnir fjölmiðla hafi nægilegt umfang og burði til að veita „*almenna, daglega og landsdekkandi fréttapjónustu í almannapágu, og hins vegar að þau skapi hvata fyrir aðra útgefendur fjölmiðla til að þróa fréttapjónustu sína þannig að þeir uppfylli skilyrðin í framtíðinni.*“ Miðað við þau skilyrði og stöðuna á fjölmiðlamarkaði hlýtur þó að teljast ólíklegt að önnur einkarekin fjölmiðlafyrirtæki en þau tvö stærstu, Árvakur og Sýn (eða mögulega Síminn, gangi kaupin á Bylgjunni og Vísi.is eftir), eigi möguleika á að uppfylla þau á næstu árum. Því er lagt til að fjöldaviðmiðið verði lækkað.

Þá gerir félagið athugasemd við skilyrði í 7. tölulið sem varðar fyrirkomulag kosningaumfjöllunar einkarekinna fjölmiðla. Samkvæmt ákvæðinu þarf fjölmiðill meðal annars að veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, tækifæri til að kynna stefnumál sín. Skilyrðið er að nokkru leyti sambærilegt þeim kröfum sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins samkvæmt lögum nr. 23/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu. Þar er þó jafnframt kveðið skýrt á um að tryggja skuli öllum gildum framboðum jafnt tækifæri, sem ekki er sérstaklega tiltekið í frumvarpinu. BÍ telur að ákvæðið, eins og það er orðað, geti haft í för með sér óþarfa íhlutun í ritstjórnarlegt sjálfstæði einkarekinna fjölmiðla. Félagið telur mikilvægt að treysta því að ritstjórnir fjölmiðla sinni kosningaumfjöllun af fagmennsku og ábyrgð í þágu upplýstrar og lýðræðislegrar umræðu, fremur en að lög kveði of nákvæmlega á um fyrirkomulag slíkrar umfjöllunar.

Í greininni um viðbótarstuðninginn er gerð krafa til þeirra fjölmiðla sem hann hljóta að þeir miðli frumunnum fréttum eða fréttatengdu efni. Það má setja spurningamerki við hlutfallið (25%) enda er það ekki rökstutt og virkar lágt. Erfitt er að sjá hvernig fjölmiðill getur sinnt lýðræðishlutverki sínu, sem er kjarni þessa frumvarps að styðja við, án þess að að minnsta kosti stærsti hluti ritstýrðs efnis sé framleitt af blaðamönnum fjölmiðilsins sjálfs. Sömu kröfur mætti gera til þeirra sem hljóta almennan rekstrarstuðning: að ritstýrt efni sé frumunnið.

### Að lokum

BÍ telur frumvarpið mikilvægt skref til að styrkja rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla og efla fréttapjónustu í þágu lýðræðislegrar umræðu. Félagið styður markmið frumvarpsins en leggur áherslu á að stuðningskerfið taki mið af fjölbreyttri uppbyggingu íslensks fjölmiðlamarkaðar og virði ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla. Jafnframt hvetur félagið stjórnvöld til að hraða framkvæmd annarra þátta aðgerðaáætlunar stjórnvalda í málefnum fjölmiðla.

Fyrir hönd Bláamannafélags Íslands,



---

**Sigríður Dögg Auðunsdóttir**  
Formaður Bláamannafélags Íslands